

Nd.

517. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er bíða tjón af þeim.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 295 með þessari breytingu:

26. gr. hljóðar svo:

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að $\frac{3}{5}$ hlutum úr rikissjóði, en $\frac{2}{5}$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.